

## Reglur fyrir nýsköpunar-og þróunarsjóð Dalvíkurbyggðar

*Byggðaráð Dalvíkurbyggðar samþykkti á fundi sínum dags. 25. janúar 2018 að setja á fót nýsköpunar-og þróunarsjóð sem byggir á grunni reglna um stuðning við frumkvöðla og fyrirtæki sem unnið hefur verið eftir síðan árið 2011.*

*Markmiðið með stofnun sjóðsins er að stuðla að aukinni fjárfestingu, nýsköpun og þróun í atvinnulífinu í sveitarfélaginu með því að styðja við þá aðila sem hyggja á nýsköpun í atvinnulífinu í formi nýrrar vöru og/eða þjónustu. Þá er að því stefnt að fjölga störfum í sveitarfélaginu og auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Til þess að stuðla að því að framangreind markmið náist hyggst sjóðurinn styrkja verkefni á sviði nýsköpunar í atvinnulífinu í samræmi við neðangreindar reglur:*

### 1. Stjórn sjóðsins

Starfandi atvinnumála- og kynningarráð Dalvíkurbyggðar skipar stjórn sjóðsins á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins skal við meðferð umsókna um úthlutanir úr sjóðnum einkum og sér í lagi fara að þeim reglum sem um sjóðinn gilda sem og viðeigandi meginreglum stjórnsýslulaga, þar sem reglum sjóðsins sleppir. Þá skulu stjórnarmenn gæta að hæfisreglum við alla ákvarðanatöku og víkja af fundi ef ástæða kann að vera til að draga hæfi þeirra til þess að taka þátt í afgreiðslu einstakra mála, í efa.

Þjónustu- og upplýsingafulltrúi Dalvíkurbyggðar er starfsmaður stjórnar sjóðsins og tekur á móti umsóknum ásamt fylgigögnum fyrir hennar hönd. Þjónustu- og upplýsingafulltrúi leiðbeinir umsækjendum um hvernig sækja á um úr sjóðnum og undirbýr umsóknir sem lagðar verða fyrir stjórn sjóðsins.

### 2. Styrkhæf verkefni

Rétt til þess að sækja um styrki úr sjóðnum hafa þau verkefni á sviði nýsköpunar í atvinnulífinu í sveitarfélaginu sem uppfylla neðangreind skilyrði

2.1. Verkefni sem raska ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja sem þegar eru með samskonar starfsemi í sveitarfélaginu. Þannig er það skilyrði að um nýja starfsemi sé að ræða, hvort sem um er að ræða nýja vöru og/eða þjónustu sem ekki er þegar boðið upp á eða framleidd í sveitarfélaginu.

2.2. Eingöngu verkefni sem stuðla að nýsköpun, þróun og framförum í atvinnulífi Dalvíkurbyggðar og skapar störf í sveitarfélaginu, eru styrkhæf.

2.3. Styrkþegar skulu vera einstaklingar eða lögaðilar með lögheimili í Dalvíkurbyggð og skal fyrirhuguð atvinnustarfsemi fara fram í sveitarfélaginu. Opinberir aðilar og stofnanir á vegum þeirra geta ekki sótt um styrk.

2.4. Einstaklingur eða lögaðili getur einungist sótt um og fengið styrk vegna eins verkefnis í einu og þarf að hafa skilað lokaskýrslu um eldri verkefni, áður en umsókn hans um nýtt verkefni verður tekin til efnislegrar meðferðar af stjórn sjóðsins.

Úthlutað er úr sjóðnum einu sinni á ári, að því gefnu að verkefni hafi hlotið samþykki stjórnar sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að hafna öllum umsóknum sem berast, uppfylli engin þeirra þau skilyrði sem sett eru fyrir úthlutun. Í slíkum tilfellum getur stjórn sjóðsins ákveðið að auglýsa aftur eftir umsóknum um styrki, telji hún ástæðu til, en að öðrum kosti ákveðið að auglýsa næst eftir umsóknum að ári liðnu.

### 3. Auglýsing um styrki

Auglýst skal opinberlega á heimasíðu Dalvíkurbyggðar eftir umsóknum um styrki og skal frestur til þess að skila inn umsóknum vera að lágmarki 1 mánuður frá birtingu auglýsingarinnar.

### 4. Umsóknir

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skal skilað inn til Dalvíkurbyggðar á eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Dalvíkurbyggðar, [www.dalvikurbyggd.is](http://www.dalvikurbyggd.is). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál, með þeim takmörkunum þó sem fram koma í upplýsingalögum nr. 140/2012. Umsækjendur geta hvenær sem er afturkallað umsóknir sínar.

Umsókn skulu fylgja neðangreind gögn og upplýsingar:

- Nákvæm lýsing á verkefninu
- Tilgreining á því hvernig verkefnið stuðlar að nýsköpun og þróun í atvinnulífi sveitarfélagsins.
- Rekstraráætlun sem tilgreinir m.a. fjármögnun verkefnisins, auk kostaðar og tekjuáætlun þess.
- Upplýsingar um fyrirsvarsmenn verkefnisins, reynslu þeirra og þekkingu
- Verk-og tímaáætlun
- Annað sem umsækjandi telur að skipti máli við mat á verkefninu.

Gert er ráð fyrir því að umsækjendum gefist kostur á að gera grein fyrir umsókn sinni á fundi með stjórn sjóðsins áður en endanlega ákvörðun verður tekin um hvort verkefnið hljóti styrk.

## 5. Meðferð umsókna

Stjórn sjóðsins skal svo fljótt sem unnt er, eftir að umsóknarfrestur er liðinn, yfirfara og meta þær umsóknir sem borist hafa og taka afstöðu til þeirra umsókna sem borist hafa með hliðsjón af ákvæðum 2.gr. reglna þessara.

## 6. Um styrki úr sjóðnum

6.1. Styrkir úr sjóðnum geta komið til vegna neðangreindra atriða:

- a. Launa, launakostnaðar sem miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum
- b. Vinnuframlagi styrkþega og samstarfsaðila
- c. Ferðakostnaði
- d. Fundarkostnaði
- e. Aðkeyptri þjónustu t.d. sérfræðiþjónustu
- f. Öðrum þáttum s.s. markaðssetning, prentun, hönnun o.þ.h.

6.2. Sjóðurinn veitir ekki styrki til:

- a. Fjárfestinga í fyrirtækjum, kaupa eða endurnýjunar á fastafjármunum né til kaupa á lóð eða húsnæði
- b. Tölvukaupa eða til kaupa á almennum skrifstofubúnaði
- c. Almenns rekstrarkostnaðar fyrirtækja í hefðbundinni atvinnustarfsemi
- d. Til almenns íþróttastarfs né til íþróttaviðburða
- e. Aðföngum til framleiðslu sem ætluð eru til sölu á markaði, t.d. sérhæfðum tækjum
- f. Sá kostnaður sem fallið hefur til verkefnis áður en sótt er um er ekki styrkhæfur
- g. Annað sambærilegt upptalningu hér að ofan.

Hámarksstyrkur hvers verkefnis getur aldrei orðið hærri en 500.000. kr. og skulu ekki fleiri en 6 verkefni styrkt á ári hverju. Heimild í fjárhagsáætlun Dalvíkurbyggðar hvers árs ræður að öðru leyti fjölda þeirra verkefna sem heimilt er að styrkja. Eingöngu er um að ræða styrki vegna einstakra verkefna sem uppfylla að öðru leyti skilyrði reglna þessara en ekki rekstrarstyrki til lögaðila eða einstaklinga.

Styrkupp hæð getur aldrei numið meira en sem nemur 50% af heildarkostnaði verkefnisins.

Almennt skal miðað við að þeir verkþættir sem sótt eru um styrk útaf, standi ekki lengur en í eitt ár, þó svo að heildarverkefnið taki eftir atvikum lengri tíma. Með verkþáttum er átt við afmarkaða hluta verkefnis sem tekur lengri tíma en eitt ár.

## 7. Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal stjórn sjóðsins horfa til neðangreindra þátta auk þeirra markmiða og þess tilgangs sem að er stefnt:

- a. Verkefni í atvinnulífi sem stuðla að nýsköpun
- b. Verkefni í atvinnulífi sem efla vöruþróun í starfandi fyrirtækjum
- c. Verkefni sem stuðla að nýtingu auðlinda svæðisins til atvinnusköpunar
- d. Verkefni sem til þess eru fallin að auka fjölbreytni atvinnutækifæra
- e. Verkefni í atvinnulífi sem stuðla að samvinnu fyrirtækja í Dalvíkurbyggð
- f. Verkefni í atvinnulífi sem fjölga tækifærum fyrir sérfræðistörf, s.s. fyrir iðnmenntun og háskólamenntaða
- g. Verkefni í atvinnulífi sem fjölga störfum
- h. Verkefni í atvinnulífi sem auka tækifæri og skapa störf fyrir ungt fólk á svæðinu

## 8. Úthlutun styrkja

Verði umsókn samþykkt skal styrkþegi undirrita samning og undirgangast vinnureglur nýsköpunar- og þróunarsjóðs Dalvíkurbyggðar, áður en til úthlutunar kemur. Vinnureglur sjóðsins sem og samningur vegna úthlutunar úr sjóðnum eru aðgengilegar á heimasíðu Dalvíkurbyggðar, [www.dalvikurbyggðar.is](http://www.dalvikurbyggðar.is).

Þeir aðilar sem hljóta styrki skulu, áður en samningur þess efnis er undirritaður, leggja fyrir stjórn sjóðsins skattskýrslu síðastliðins árs auk yfirlits frá innheimtumanni Ríkissjóðs um skuldastöðu. Ef styrkþegi er með eigin rekstur, skal jafnframt leggja fram yfirliti úr staðgreiðsluskrá. Þá skal styrkþegi leggja fram upplýsingar um skuldastöðu sína við sveitarfélagið.

Trúnaðarskylda stjórnar, sbr. 4.gr. gildir um fjárhagsupplýsingar sem styrkþegi leggur fram.

**Samþykkt á 896. fundi byggðaráðs þann 14. febrúar 2019.**

**Samþykkt á 310. fundi sveitarstjórnar þann 19. febrúar 2019.**